Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
4. mars 2010
9. tbl. · 27. árg.

Sagnamaðurinn Siggi blóma



Sigurður Sigurðsson kaupmaður frá Ísafirði segir frá uppvexti sínum og uppátækjum og ýmsu sem hann hefur fengist við á lífsleiðinni, þar á meðal uppfinningu Grænu þrumunnar sem á tilraunastigi drap öll blóm. Sjá viðtal í miðopnu.

Ljósmynd: Spessi.

Tæplega 37 milljónir í viðhald og í fjárfestingar á íþróttamannvirkjum

Tæplega 37 milljónir króna fara í viðhald og fjárfestingar á íþróttamannvirkjum í ár samkvæmt viðhaldsáætlun Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar. Þar af fara 31,8 milljónir í rekstur íþróttamannvirkja og 5 milljónir í fjárfestingar. Þá eru 15 milljónir eyrnamerktar fyrir fjárfestingar á tjaldsvæði sveitarfélagsins og 10 milljónir fyrir safnasvæði. Þetta kemur fram í bréfi bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar sem lagt hefur verið fram fyrir bæjarráð. Þar segir að lögð hafa verið fram drög að 80% verkefna og gert ráð fyrir að 20% séu ófyrirséð verkefni. Komi hins vegar upp ný verkefni sem ekki eru í viðhaldsætluninni eða kostnaður við einstök verkefni verði hærri en gert var ráð fyrir, þurfi að endurskoða áætlunina og því óljóst hvort hægt sé að fara í öll viðhaldsverkefnin á áætluninni.

Stærstu liðirnir í áætluninni eru viðgerð á gólfi íþróttahússins á Torfnesi og viðgerð á íþróttamiðstöðinni á Flateyri. Eins og undanfarin ár verður mikið um viðhald á grunnskólum Ísafjarðarbæjar, t.a.m. er gert ráð fyrir að settar verði upp eldvarnarhurðir og neyðarútgangur í Grunnskólanum á Ísafirði. Einnig er gert ráð fyrir að skólalóðin á Flateyri verði lagfærð. Gert hefur verið ráð fyrir 5,6 milljónum í rekstur skólahúsnæðis í áætluninni. Þá er gert ráð fyrir 5,2 milljónum í rekstur leikskóla og 2,3 milljónir fyrir annað húsnæði. Gert er ráð fyrir viðhaldi á sparkvöllum og ef áætlanir ganga eftir er reiknað með viðhaldi leiktækja á opnum svæðum en gert hefur verið ráð fyrir rúmlega milljón í það verkefni. Eignasjóður Ísafjarðarbæjar heyrir undir umhverfissvið sveitarfélagsins. Samkvæmt starfslýsingu er hann ábyrgur fyrir eftirlit með því að viðhaldi húseigna bæjarfélagsins sé sinnt. Einnig að gerð sé viðhaldsáætlun fyrir einstakar eignir. – *thelma@bb.is*

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar tryggði sér sigur í 1.deild karla í körfubolta á sunnudag með sigri á ÍA, 112 – 58 og eru því komnir upp í efstu deild.

KFÍ komið að nýju upp í efstu deild

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar tryggði sér sigur í 1. deild karla í körfubolta á sunnudag með sigri á ÍA, 112 – 58, og eru því komnir upp í efstu deild. KFÍ-menn komu ákveðnir til leiks og var það ljóst frá upphafi að KFÍ ætlaði sér sigur í leiknum. Staðan eftir fyrsta leikhluta var 30 – 15 fyrir KFÍ. Sama var uppi á teningnum í öðrum leikhluta og staðan fljótlega orðið 39-15. Staðan þegar gengið var til hálfleiks var síðan 57-28. Eftir þriðja leikhluta var staðan orðin 93-43 en leikurinn endaði eins og fyrr segir 112-58 og deildarmeistaratitillinn í höfn. Stigahæstir í liði KFÍ voru Craig Schoen og Igor Tratnik með 18 stig hvor. Almar Stefán Guðbrandsson og Igor Tratnik voru með 11 fráköst hvor og Daníel Þór Midgley var með flestar stoðstendingar, eða 6 talsins.

„Það er góð tilfinning fyrir bæjarbúa sem og allt félagið að fá tækifæri að vera meðal bestu liða landsins á næsta tímabili. Það dylst engum að mikil vinna er framundan hjá KFÍ, en fyrir eru góðir starfsmenn með áratuga reynslu sem eru þegar byrjaðir að kortleggja næsta ár. Nú er gleði hjá okkur, en um leið vitum við að verkefninu er engan vegin lokið. Þór Þorlákshöfn er okkar næsti andstæðingur og þeir eru með mjög skemmtilegt lið og í baráttu með heimavallarréttinn, þannig að sá leikur mun verða hörkuleikur og skorum við á brottflutta Vestfirðinga að koma í Þorlákshöfn næsta föstudagskvöld. Það er alveg ljóst að KFÍ ætlar sér ekki að láta innbyrðis niðurstöðu nægja til þess að skera úr um deildarmeistaratitilinn.“ segir á kfi.is

KFÍ tekur á móti deildarbikarnum föstudaginn 12. mars en þá er heimaleikur gegn Ármanni og eru bæjarbúar hvattir til þess að mæta og fagna áfanganum.

– *kristjan@bb.is*

Þjónusta í boði:
Endurskoðun félaga og félagasamtaka.
Ársreikningar og árshlutareikningar.
Skattskil. Bókhalds- og launavinnsla.
BB Endurskoðun ehf
Bókhalds-og endurskoðunarstofa
Bjarki Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, Pollgötu 2, 400 Isafirði,
símar 456 2200 – 892 9859, tölvupóstur bbe@bbe.is

326 fiskiskip á Vestfjörðum

Í lok síðasta árs voru 1.582 fiskiskip á skrá hér á landi og hafði þeim fjölgað um 53 frá árinu áður. Fjöldi vélskipa var alls 768 og samanlögð stærð þeirra 86. 769 brúttótonn. Vélskipum fækkaði um eitt skip á milli ára en flotinn stækkaði um 379 brúttótonn. Togarar voru alls 58 og fækkaði um tvo frá árinu á undan.

Opnir fiskibátar voru 756 talsins og 3.614 brúttótonn að stærð. Opnum fiskibátum fjölgaði um 56 milli ára og heildarstærð þeirra jókst um 266 brúttótonn. Í lok árs 2009 voru skráð 326 fiskiskip á Vestfjörðum. Flest fiskiskip voru í Súðavík og Bolungarvík, eða 37 talsins. 36 skip voru á Patreksfirði og 35 á Ísafirði.

Tyggðu fram bros

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær.
Extra minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

WRIGLEY'S Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Fimm tilnefndir

Fimm tilnefningar bárust um val á íþróttamanni Bolungarvíkur fyrir árið 2009. Íþróttamennirnir sem eru tilnefndir eru Benedikt Sigurðsson fyrir hlaup og þríþraut, körfuboltamaðurinn Guðmundur Jóhann Guðmundsson, knattspyrnumaðurinn Óttar Bjarnason, kylfingurinn Rögnvaldur Magnússon og dansararnir Þórunn Sigurðardóttir og Tinna Guðmundsdóttir.

Búið er að fara yfir tilnefningar og skilar nefnd sem skipuð var til að fara yfir tilnefningarnar áliti sínu til fræðsluráðs sem útnefnir íþróttamann Bolungarvíkur á næstunni ásamt því að veita ungum og efnilegum íþróttamönnum viðurkenningar.

Nýta heimildina að fullu

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum nýta hámarks útsvarsheimildina sem er 13,28%. Bolungarvíkurkaupstaður leggur að auki 5% álag á útsvarið sem þýðir að útsvarið þar er í raun 13,94%. Bolungarvík er annað sveitarfélagið á landinu sem leggur aukaálag á hámarksútsvar en 10% álag er lagt á útsvar Álftanes.

Álag á útsvar í Bolvíkinga var hins vegar lækkað úr 10% í 5% á árinu 2010, samkvæmt samningi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga við bæjarstjórn Bolungarvíkur.

750 þúsund í framlög

Gert er ráð fyrir 750 þúsund krónum í til stjórnmálasamtaka í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2010. Fjárhæðinni er skipt á milli framboða eftir atkvæðafjölda í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2006. Miðað við þá skiptingu kæmi í hlut B-lista 119.325 krónur í ár, 324.675 krónur í hlut D-lista og í hlut Í-lista kæmi 306.000 krónur.

Inn að beini

Baldur Trausti Hreinsson, leikari

Baldur Trausti Hreinsson hefur komið víða við síðan hann útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands 1997. Hefur hann til að mynda leikið í verkunum Kardimommubærinn, Frida ... viva la vida, Oliver! og Macbeth. Þegar BB innti hann eftir svörum inn að beini kom í ljós að þegar hann var yngri ætlaði hann sér að verða læknir, lögreglumaður eða leikari.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?
Að ganga í lögreglulið ríkisins, án lögreglunnar
væri ég ekki á þeim stað sem ég er í dag.
Hvar langar þig helst að búa?
Á Ísafirði, sá sjúkdómur versnar með aldrinum.
Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?
Þegar ég eignaðist tvær heilbrigðar manneskjur.
Mestu vonbrigði lífs þíns?
Að hafa trúað því undanfarin ár að landinu væri vel stjórnað.
Mesta uppgötvunin í lífi þínu?
Að stjarnan hafi verið vitringunum
vegaljós skært, en ekki vitringur.
Uppáhaldslagið?
Inflation ghost.
Uppáhaldskvikmyndin?
The great dictator.
Uppáhaldsbókin?
Unga fólkið og eldhússtörfin, þar er allt sem skiptir máli.
Ógleymanlegasta ferðalagið?
Leikferð til Grænlands með Þjóðleikhúsinu, sat
veðurtepptur í heila viku í Syðri Straumsfirði ásamt Þresti
Leo og Pálma Gestssyni. Hef aldrei hlegið meira um ævina.
Uppáhaldsborgin?
Berlín.
Besta gjöfin?
Að fæðast heilbrigður af góðu fólki.
Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?
Ekki spurning.
Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?
Það er lítið útvarp sem ég keypti mér fyrir nokkrum árum og
gengur undir nafninu Marías, fer ekki nánar út í nafnið.
Fyrsta starfið?
Hnýtti á tauma undir verkstjórn Jóns
Magnússonar og fékk tíkall fyrir hundraðið.
Draumastarfið?
Það væri að leikstýra bræðrum mínum og tengdaföður í góðum
farsa. Ég þyrfti lítið að gera.
Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?
Pálma Gestsson í Hjara.
Fallegasti staðurinn á Íslandi?
Hornstrandirnar eins og þær leggja sig.
Skondnasta upplifun þín?
Það meig á mig jagúar í dýragarðinum
í Kaupmannahöfn, þurfti að skipta um alklæðnað.
Aðaláhugamálið?
Það getur verið alveg hrikalega gaman og gott að tyggja.
Besta vefsíðan að þínu mati?
Youtube.com.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Læknir, lögga eða leikari, á bara læknisfræðina eftir en hef leikið þá marga.
Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?
Get verið asskoti góður við eldavélina.
En helsti löstur?
Er óttalegur tuðari.
Besta farartækið?
Sexhjólið.
Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?
Gamlársdagur.
Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?
Foreldrar mínir og Jón Magnússon
eru ansi ofarlega á þeim lista.
Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?
Þröstur Hjörtur Hreinsson.
Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?
Frá 21:00 - 03:00.
Í hvaða stjörnumerki ertu?
Fiskur.
Lífsmottóið þitt?
Reyni að vera glaður, alla mína tíð.

Samkaup úrval góðir grannar

Sjá uppskriftir á samkaupurval.is

Sparnaðartilboð helgarinnar **4. - 7. mars**

Úrvals lambakjöt!

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Hryggur ~~1.698~~ **1.358** kr./kg

Læris-sneiðar ~~2.198~~ **1.649** kr./kg

Kótilettur ~~1.698~~ **1.392** kr./kg

Appelsínur 50% afslattur!

30% afsláttur

~~669~~ **468** kr./kg Kindabjúgu

frá **Kjötseli**

34% afsláttur

~~1.498~~ **989** kr./pk. Kalkúnasneiðar

800g, frá **Ísfugli**

Góð kaup!

958 kr./kg Hangiframpartur

frá **KEA**

Coop tilboð!

99 kr./stk. Bakaðar baunir

420g, frá **Coop**

Coop tilboð!

199 kr./stk. Ananasbitar

567g, frá **Coop**

Coop tilboð!

149 kr./stk. Aspas

hvítur, bitar, 430g, frá **Coop**

Coop tilboð!

298 kr./stk. Morgunkorn

Honey Bees, 500g, frá **Coop**

Coop tilboð!

395 kr./pk. Jarðarber

lausfryst, 500g, frá **Coop**

Coop tilboð!

397 kr./pk. Kartöflubátar

900g, frystir, frá **Coop**

P&O Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá fleiri sparnaðartilboð á **samkaupurval.is**

Skip án veiðarfæra landar mestum þorski á Vestfjörðum

Það sem af er yfirstandandi fiskveiðiári hefur ekkert skip landað jafn miklu af þorski á Vestfjörðum og brunnbáturinn Papey eða 1044 tonn. Það sem greinir þetta „fengsæla“ skip frá öðrum sem landa hér um slóðir er sú staðreynd að það er veiðarfæralaust með öllu. Allur afli þess er nefnilega sóttur í þorskeldiskvíar Hraðfrystihúsins - Gunnvarar hf. Aflanum hefur verið landað lifandi úr brunn bátsins í Súðavík þar sem hann er slægður og síðan unninn í landvinnslu félagsins í Hnífsdal og á Ísafirði. Papey gegnir mikilvægu hlutverki í þorskeldi HG, m.a. í flokkun og flutningi á smáum og stórum fiski svo og í allri slátrun. Venjulega er fiskurinn sóttur í kvíarnar daginn fyrir slátrun og morguninn eftir er honum dælt lifandi beint inn í aðgerðaraðstöðu fyrirtækisins í Súðavík.

HG hafði verið með brunnbátinn Papey á leigu frá HB Granda hf. í nokkur ár áður en ráðist var í að kaupa hann í fyrra. Gott samstarf hefur verið á milli þessara fyrirtækja um árabil. Þannig hefur Papey annast flutning seiða á milli landshluta, bæði í Ísafjarðardjúpi og á Berufirði. Þá fór Papey í haust þrjár ferðir til Tálknafjarðar og sótti regnbogasilung til útsetningar í sjókvíar í Dýrafirði en þar stundar Dýrfiskur eldi á regnbogasilungi. Yfirleitt eru fjórir í áhöfn Papeyjar.

– bb@bb.is

Papey við kvíar í Álftafirði. Ljósm: frosti.is.

Mesta aukningin á Vestfjörðum

Mesta aukning á raforkunotkun var Vestfjörðum á síðasta ári eða 2,8%. Þetta kemur fram í greinargerð Orkuspárnefndar Landsnets um raforkunotkun á Íslandi árið 2009. Þar segir að raforkutölurnar sýni vel hvar samdráttur í atvinnulífi hefur verið mestur á landinu á síðasta ári. Samdráttur í notkun var mestur á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Norðurlandi þar sem notkunin hefur minnkað um 2,4-2,7% en einnig hefur þessi minnkun haft áhrif inn á Vesturland þar sem notkunin minnkaði um 1,5%. Auk þess hefur notkun minnkað verulega á Austurlandi eða um 7,6% enda lauk framkvæmdum við virkjanir og stóriðju þar á síðasta ári auk þess sem dræm veiði var á uppsjávarfiskum sem hefur mest áhrif í þeim landshluta. Á Suðurlandi jókst hins vegar notkunin um 1,4% á síðasta ári.

Árið 2009 nam raforkuvinnsla á landinu samtals 16.839 GWh og jókst um 2,3% frá fyrra ári. Stórnotkun nam 12.925 GWh á árinu 2009 og jókst um 3,9% frá fyrra ári. Almenn notkun minnkaði um 2,1% og nam 3.558 GWh. Töp við flutning orkunnar frá virkjunum til almenningsveitna og stórnotenda voru 356 GWh og minnkuðu um 11,0%. Veðurfar hefur nokkur áhrif á raforkunotkun aðallega vegna rafhitunar húsnæðis. Til að fá eðlilegan samanburð milli ára hvað varðar þróun almennrar raforkunotkunar er hún oft leiðrétt út frá lofthita. Síðasta ár var hlýrra en árið á undan og aukning notkunar milli ára er því heldur meiri eftir hitastigsleiðréttingu.

– thelma@bb.is

Heimildarmynd um altaristöflu

Í bígerð er heimildarmynd um gerð og uppsetningu altaristöflunnar Fuglar himinsins í Ísafjarðarkirkju. Þegar hafa verið lögð drög að handriti myndarinnar og hefur Jóhannes Jónsson kvikmyndagerðarmaður hjá Digi Film verið fenginn til að gera myndina. Menningarráð Vestfjarða hefur styrkt verkefnið um 500.000 krónur en ljóst er að nokkuð vantar upp á að styrkurinn dekki allan kostnað við gerð myndarinnar. Hefur sóknarnefnd Ísafjarðarsóknar því leitað til fyrirtækja í von um styrk til að verkefnið megi verða að veruleika. Uppi eru hugmyndir að myndin verði aðgengileg á streymisvef kirkjunnar og einnig verði gerð útgáfa til sýningar í sjónvarpi.

Altarisverk Ísafjarðarkirkju, Fuglar himinsins, var vígt í ágúst 2007. Höfundur verksins er listamaðurinn Ólöf Nordal. Rúmlega 700 leirfuglar prýða altarisveggginn, sem er um 90 fermetrar, en þeir voru búnir til af bæjarbúum undir leiðsögn höfundarins. Fuglar himinsins er einstakt verk því aldrei fyrr hefur á Íslandi verið farin sú leið að láta sóknarbörnin búa til altarislistaverk.

Spurningin

Ætlar þú á rokkhátíðina Aldrei fór ég suður um páskana?

Alls svöruðu 1197.
Já sögðu 918 eða 77%
Nei sögðu 199 eða 17%
Óvíst sögðu 80 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðvestanátt og vætusamt á vestanverðu landinu, en úrkomulítið norðan og Austanlands. Fremur vilt í veðri. **Horfur á laugardag:** Suðvestanátt og vætusamt á vestanverðu landinu, en úrkomulítið norðan og Austanlands. Fremur vilt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Líkur svipuðu veðri áfram og milt í lofti.

Ritstjórnargrein

Þá var öldin önnur hér

Væntingar í umræðu dagsins snúast um hið nýja Ísland, þrungnar reiði, sem sem til langframa er slæmur förunautur hvers og eins. Nýverið hljómaði rödd sem bað um gamla Ísland; ekki torfkofana með moldargólfunum, ekki orfið og ljáinn eða sexæringinn, ekki vinnuþrælkun sem beygði bök og knýtti hendur manna langt um aldur fram heldur gildin, mörg hver, sem þá voru í heiðri höfð; til að mynda handtakið sem þurfti ekki margra votta viðurvist; margra þessara gömlu viðhorfa í samskiptum manna væri ekki síður þörf nú en þá.

Horft til baka um aldarskeið verður ekki annað séð en að félagslíf af ýmsum toga hafi sett svip á mannlífið á Eyri við Skutulsfjörð. Eigi að síður henti þá, eins og við vill brenna enn þann dag í dag, að einstaka hópar lentu utan ramma samfélagsmyndarinnar. Þannig leiddi, að því er heimildir herma, eymd, örvænting og brostið vinnuþrek margs fólks á gamals aldri á Ísafirði í upphafi tuttugustu aldarinnar til þess að snemma árs 1907 tóku nokkrar konur í bænum sig til og ákváðu að efna til hófs fyrir eldri samborgara sína, til að gera þeim glaðan dag og brjóta með því upp einhæft lífsmunstur. Þetta framtak kvennanna, sem tókst með slíkum ágætum að ekki varð frá horfið, leiddi til þess að þremur árum seinna, nánar til tekið 6. mars 1910, var Kvenfélagið Hlíf stofnað. Í stuttu máli varð konunum ljóst að á samheldni þeirra í þágu samborgaranna væri þörf til fleiri verka en árlegs kaffisamsætis. Það breytir því ekki að kaffisamsætið sem um langt skeið hefur gengið undir nafninu „Hlífarsamsætið“ er þremur árum eldra en félagið, sem verður eitt hundrað ára á laugardaginn. Þeirra tímamóta er ætlunin að minnast með margvíslegum hætti.

Ef til vill spyrja margir sig þeirrar spurningar hvort félag eingöngu ætlað konum sé ekki tímaskekkja á tímum stöðugt meiri krafna um jafnrétti kynja, kynjakvóta á skiptingu framboða til þings og sveitarstjórna og skipan í stjórnir félaga? Þótt halli verulega á hlut kvenna til þessara starfa vekur meiri undrun að enn skuli viðgangast í jafn ríkum mæli og raun ber vitni verulegur launamismunur karla og kvenna fyrir sömu störf. Sú staðreynd segir meira en mörg orð að þrátt fyrir að öld sé liðin síðan efnt var til fyrsta kaffisamsætisins á vegum Hlífarkvenna er mörgu enn ábótavant. Meðan sú staða er uppi er full ástæða að viðhalda kaffihefðinni frá 1907, sem undirstrikar að þegar konur taka til hendinni ganga verkin eftir.

BB færir afmælisbarninu hamingjuóskir og tekur sér það bessaleyfi að færa því þakkir fyrir hönd bæjarbúa. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Ísafjörður.

Rúmlega 250 milljónir króna til Vestfjarða

Vestfirðir fá 251 milljón króna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í ár. Það nemur um 10% af heildarúthlutun til sveitarfélagana. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs um áætlaða úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga á árinu 2010 vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti. Við tillögugerðina er tekið mið af nýju fasteignamati er tók gildi 31. desember. Áætluð heildarúthlutun framlaganna í ár nemur rúmlega 2,6 milljörðum króna og greiðir Jöfnunarsjóður 60% framlaganna fyrirfram, mánuðina febrúar til júní. Heildarþörf sveitarfélaganna var rúmlega 4,6 milljarðar en heildarþörf sveitarfélaganna á Vestfjörðum var 463 milljónir króna.

Mest kemur í hlut Ísafjarðarbæjar eða 122 milljónir. Því næst kemur Vesturbyggð með 45 milljónir, Bolungarvík fær rúmlega 28 milljónir, Strandabyggð fær 14, Súðavíkurheppur 13 milljónir, Reykhólahreppur 11, Tálknafjörður rúmlega 8, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur fá 3,5 milljónir hvor og Bæjarhreppur fær rúmar 2 milljónir. Reykjanesbær fær hæsta framlagið eða rúmlega 260 milljónir, Akureyri fær 244 milljónir, Fjarðabyggð 136 milljónir, Ísafjarðarbær 122. og Skagafjörður 104.

– kristjan@bb.is

Vegleg dagskrá framundan í Edinborgarhúsinu

Það er margt framundan hjá Edinborgarhúsinu á Ísafirði á næstunni. Á miðvikudag kl. 20:30 ætlar Goddur, eða Guðmundu Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands flytja erindi um íslenskra mynstrið í Rögnvaldarsal. Boðið verður upp á kaffiveitingar. Aðgangur er ókeypis.

Meðal þess sem er á dagskrá Edinborgarhússins á næstunni má nefna kvikmyndasýningu í samvinnu við kvikmyndasafnið Vestfjarðarmyndin. Í lok mars opnar Ragnar Kjartansson myndlistarsýningu í Bryggjusal og í byrjun apríl verða sýningar Litla leikklúbbsins á Vegir liggja til allra átta.

Dagana 2. – 3. apríl verður haldin ráðstefna í tengslum við Aldrei fór ég suður og á sumardaginn fyrsta verður bókmenntadagskrá fyrir börn og fullorðna. Nánari upplýsingar er hægt að finna á edinborg.is.

– kristjan@bb.is

Telur stækkunina ekki háða umhverfismati

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar metur það svo að stækkun Mjólkárvirkjunar gefi ekki tilefni til að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt framkomnum upplýsingum. Umhverfisnefnd bendir þó á að svæðið sé innan hverfisverndarsvæðis í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og að fjögur svæði eru á náttúruminjaskrá í nágrenni Mjólkárvirkjunar.

Eins og fram hefur komið hefur Orkubú Vestfjarða í hyggju að endurnýja vél Mjólkárvirkjunar og byggja þriðju virkjunina á svæðinu. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um hvort og á hvaða forsendum stækkun Mjólkárvirkjunar, skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

– thelma@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

DEILDARSTJÓRI Í DAGVISTUN

Auglýst er eftir deildarstjóra í dagvistun aldraðra á Hlíf á Ísafirði. Viðkomandi hefur yfirumsjón með dagvistun aldraðra og mun taka þátt í breytingum sem fyrirætlaðar eru á starfinu í dagvistuninni. Stefnt er að því að dagvistunin verði í tveimur deildum.

Starfið á dagvistun aldraðra snýst um að efla félagsstarf, tómstundir og hreyfingu aldraðra og mun deildarstjóri sjá um að skipuleggja starfið, efla það og koma með hugmyndir að mögulegum breytingum. Næsti yfirmaður deildarstjóra dagvistunar er forstöðumaður Hlífar.

Deildarstjóri þarf að sýna frumkvæði í starfi, vera hugmyndaríkur og hafa góða skipulags- og samskiptahæfileika. Skilyrði er að viðkomandi sé menntaður hjúkrunarfræðingur eða iðjuþjálfi.

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2010.

Upplýsingar um starfið gefur Maron Pétursson, forstöðumaður Hlífar í netfanginu maron@isafjordur.is eða í síma 450 8255.

ÍSAFJARÐARBÆR

Tilkynning frá yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar

Þjóðaratkvæðagreiðsla um lög nr. 1/2010 (Icesave-lög), sem forseti Íslands synjaði staðfestingar, fer fram laugardaginn 6. mars.

Kjörfundir í Ísafjarðarbæ verða sem hér segir:

1.- 3. kjördeildir (Ísafjörður, Hnífsdalur og dreifbýli) í íþróttahúsinu á Torfnesi.

4. kjördeild (Suðureyri og dreifbýli) í félagsheimilinu á Suðureyri.

5. kjördeild (Flateyri og dreifbýli) í Grunnskóla Önundarfjarðar á Flateyri.

6. kjördeild (Þingeyri og dreifbýli) í félagsheimilinu á Þingeyri.

Kjörfundir hefjast kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Munum eftir persónuskilríkjunum!

Gunnlaugur bóksali áttræður

Vinir og vandamenn komu saman og fögnuðu áttræðisafmæli Gunnlaugs Jónassonar í Hömrum á laugardag. Gunnlaugur er þekktastur sem Gulli í Bókhlöðunni þar sem hann hefur starfað nærri alla sína ævi en hann lét af störfum í haust. Í veislunni heiðruðu félagar Gunnlaugs í Sunnukórnum hann en þar hefur hann starfað í meira en hálfa öld. Í tilefni af afmælinu dró Gunnlaugur fram samansafn af munum, myndum og öðrum plöggum sem höfðu orðið eftir í hans fórum í gegnum starf kórsins. Afhenti hann safnið með viðhöfn. Ljósmyndari blaðsins kom við í afmælinu.

Rúmlega 5000 Vestfirðingar á kjörskrárstofni fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu

Alls eru 21.324 kjósendur á kjörskrárstofnum í Norðvesturkjördæmi vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 6. mars 2010. Þar af eru 5.123 á Vestfjörðum, 2.620 karlmenn og 2.503 konur. Þeir sem vegna aldurs fá nú að kjósa í fyrsta sinn í NV-kjördæmi frá alþingiskosningunum 2009 eru 415eða 1,9% af kjósendatölunni. Kjósendur með lögheimili erlendis eru 714eða 3,3% kjósenda kjördæmisins. Á landsvísu eru 230.014 kjósendur kjörskrárstofnum vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 6. mars 2010 eru. Konur eru 115.400 en karlar 114.614. Konur eru því 786 eða 0,7% fleiri en karlar.

Við alþingiskosningarnar 25. apríl 2009 voru 227.843 á kjörskrá og nemur fjölgunin 2.171 eða 0,9%. Kjósendur með lögheimili erlendis eru 11.154 eða 4,8% kjósenda og hefur þeim fjölgað um 1.213 frá síðustu alþingiskosningum eða um 12,4%. Kjósendum með lögheimili hér á landi fjölgar um 888 eða 0,4%. 4.020 fá nú að kjósa í fyrsta sinn frá alþingiskosningunum 2009 eða 1,7% af kjósendatölunni.

Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 á kosningarrétt við kosningar til Alþingis hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili hér á landi. Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt í átta ár frá því að hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á og kosningarétt hér á landi eftir þann tíma, enda sé um það sótt. Ákvörðun um að einhver sé þannig á kjörskrá tekinn gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum eftir að umsókn var lögð fram. Nú er á kjörskrárstofnum 813 kjósendur sem svo stendur á um.

– thelma@bb.is

Elti Mugison um New York

Tónlistarmaðurinn Mugison hélt fimm tónleika í jafnmörgum hverfum New York- borg í ágúst á síðasta ári. Tónleikarnir voru haldnir til styrktar Amnesty International til að vekja athygli á góðu starfi hreyfingarinnar sem berst fyrir mannréttindum. Það var lagið „The animal“ sem kom Mugison í samband við Amnesty International og í framhaldinu lék hann á fimm ókeypis tónleikum í jafnmörgum hverfum í New York.

Kvikmyndgerðarmaðurinn Scott Fine fylgdi Mugison um New York borg í ágúst og á dögunum gerði hann heimildamynd um tónleikaröðina aðgengilega á netinu. Segir hann m.a að tónleikaröð Mugisons hafi verið ein besta tónlistarupplifun sem New York borg hafi orðið vitni að.

– kristjan@bb.is

Scott Fine kvikmyndaði Mugison á flakki um New York í fyrra.

Uppátektasamur í meira lagi í uppvextinum

– spjallað við Sigurð Sigurðsson kaupmann í Reykjavík, betur þekktan sem Sigga blóma, um æskuna á Ísafirði og tilveruna yfirleitt

Afi minn lést haustið 1962 þegar ég var sjö ára. Hann hafði legið veikur heima í nokkur ár en lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar. Amma vildi að afi yrði fluttur heim og væri þar þangað til jarðarförin færi fram. Afi var látinn standa uppi í betri stofunni í nokkra daga eins og tíðkaðist þá.

Í fyrstu var ég smeykur við að sjá afa látinn en eftir nokkur skipti vandist ég því. Ég fór oft í betri stofuna til að kíkja á hann og fylgdi þangað líka gestum sem komu til að kveðja hann. Það spurðist fljótlega út meðal vina minna að afi væri dáinn heima og vakti forvitni þeirra. Þegar ég varð var við þennan áhuga vaknaði hjá mér löngun til að notfæra mér aðstæður – en hvernig? Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um – ég sýndi afa gegn greiðslu.

Ég byrjaði á Úa-Skúa – ég bauð honum með því skilyrði að hann færi til Jónasar og keypti fyrir mig Sinalco og krembrauð. Hann féllst á það. Þegar Úi-Skúi kom kallaði ég til ömmu sem sat inni í eldhúsi og spurði hvort ég mætti sýna afa. Hver er með þér? spurði amma. Það er Úi-Skúi, kallaði ég úr stiganum. Þá er það í lagi, sagði amma. Ég fór inn í betri stofuna með Úa-Skúa þegar hann hafði rétt mér Sinalcoið og krembrauðið. Eftir að ég hafði tekið lokið af kistunni settist ég í sófann og byrjaði á krembrauðinu.

Úi-Skúi gekk hægt að kistunni og leit ofan í hana. Ég var rétt búinn að koma mér vel fyrir í sófanum og taka einn sopa af Sinalcoinu þegar Úi-Skúi sneri sér eldsnöggt við á stofugólfinu og hljóp niður stigann og út. Ég sá hann ekki í nokkra daga eftir þetta og aldrei minntumst við á þennan atburð – en ég var sáttur.

Þetta er ein af ótalmörgum frásögnum Sigurðar Sigurðssonar kaupmanns frá æsku hans og uppvexti á Ísafirði. Hann er fluttur suður fyrir löngu en Ísfirðingar þekkja hann enn í dag mætavel undir gælunafninu Siggi blóma. Á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins syðra núna í janúar sagði hann ýmsar af þeim sögum við góðar undirtektir áheyrenda.

Sá föður sinn aðeins einu sinni

„Ég er fæddur í rúminu hennar Ástu ömmu minnar í Hafnarstræti 11 á Ísafirði árið 1955, fæddist þar á mánudegi eftir að fermingarveislu lauk hjá hennar yngsta barni, Arngrími Arngrímssyni. Elín ljósmóðir tók á móti mér. Hún bjó í Pólgötunni og brá sér bara yfir. Kökudiskarnir frá fermingarveislunni voru enn á stofuborðinu og hnallþórurnar frá Rut. Seinna gekk ég sjálfur til spurninga hjá séra Sigurði en guðsorðið náði aldrei til mín.

Þarna óx ég úr grasi hjá ömmu og afa og sjö fyrstu árin ásamt móður minni, Ástríði Kristínu Arngrímsdóttir. Þá fluttist hún til Reykjavíkur en ég varð eftir. Afi minn var Arngrímur Fr. Bjarnason kaupmaður og ritstjóri en amma hét Ásta Eggertsdóttir Fjeldsted. Afi deyr árið 1962 þegar ég er sjö ára eða sama árið og móðir mín fór suður. Eftir það vorum við ein í kotinu, amma mín og ég.

Ég sá föður minn aðeins einu sinni. Hann hét Sigurður Kristjánsson Söebech. Það var enginn samgangur við hann. Þetta eina skipti sem ég sá hann var á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins á sínum tíma. Þá kynnti hann okkur feðgana hann Heiðar Sigurðsson frændi minn í Ljóninu á Ísafirði. Pabbi var bara ókunnugur maður fyrir mér. Amma hafði allan veg og vanda af mínu uppeldi.“

Konan og börnin

„Eftir að ég kláraði Gagnfræðaskólann á Ísafirði fór ég í Lýðháskólann í Skálholti þar sem séra Heimir Steinsson var rektor. Þar kynnist ég minni konu, Áslaugu Jóhannsdóttur. Við erum þarna einn vetur og við höfum verið saman síðan. Við giftum okkur nokkrum árum seinna eða 1977 og eignuðumst þá okkar fyrsta barn, sem er Grímur Sigurðsson hæstaréttarlögmaður. Síðan eigum við Magnús, sem er rithöfundur og bókmenntafræðingur, og Ástu Margréti, sem er með BA-próf í mannfræði en er núna að ljúka sínu fyrsta ári í lögfræði.

Við Áslaug konan mín bjuggum tæp tíu ár á Ísafirði. Hún er leikskólakennari og eftir að hún lauk sínu námi fluttum við vestur. Það var árið 1978. Þá kom ég inn í reksturinn með ömmu á Blómabúðinni, eða Verslun Arngríms Fr. Bjarnasonar, eins og hún hét formlega. Annars var hún alltaf kölluð Blómabúðin í daglegu tali. Við amma rákum búðina saman allt þar til hún dó árið 1986. Árið eftir fluttist ég suður ásamt fjölskyldu minni.“

Fjölbreyttur rekstur blómabúða

Eftir flutninginn suður gerðist Sigurður verslunarstjóri hjá Blómavali í Kringlunni sem þá var að opna.

„Rúmu ári síðar kaupum við hjónin svo blómaverslun vestur á Eiðistorgi og vorum í verslunarrekstri þangað til fyrir sex-sjö árum þegar við seldum. Í allmörg ár rak ég líka blómaverslunina í Kringlunni en seldi þann rekstur fyrir tæpum áratug. Eftir það rak ég búðina fyrir Blómaval og stjórnaði líka rekstri Blómavals í Smáralind og gerði það þangað til um síðustu áramót þegar þeir sögðu upp samningum um verslunarrekstur í stórmörkuðunum. Við vorum svo að byrja aftur í okkar eigin verslunarrekstri núna um áramótin. Þegar Blómaval hætti í Kringlunni tók ég aðstöðuna á leigu af rekstrarfélagi hússins, þannig að maður er aftur orðinn kaupmaður í Kringlunni.“

Þannig hefur blómaverslunin í Kringlunni gengið fram og aftur milli Blómavals og Sigurðar í tímans rás.

Lærdómsrík tilraun með Grænu þrumuna

Blómaáburðurinn Græna þruman sem Sigurður bjó til á sínum tíma vakti mikla athygli. Græna þruman lifir enn góðu lífi.

„Hún varð til vestur á Ísafirði. Ég gerði tilraunir á plöntunum hennar ömmu. Hún átti kynstrin öll af pottablómum. Einn morguninn þegar ég kem í Hafnarstræti 11 heyri ég að hún kallar hátt og skýrt: Sigurður! Viltu gjöra svo vel og koma hér upp og það strax! Ég hélt að það væri eitthvert stórslys en þá voru öll blómin hennar dauð, hvert og eitt einasta. Þá hafði ég verið að leika mér með styrkleikann á Grænu þrumunni og haft þetta aðeins of sterkt.

Það var mikill lærdómur sem í þessari tilraun fólst. Ég bætti ömmu blómin því að betra var að hafa hana í góðu skapi heldur en hitt. Græna þruman er framleidd enn í dag. Þetta er öflugt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir þennan ágæta blómaáburð.“

Morgunsól og Ellistopparinn

– Hefurðu fengist við eitthvað fleira af þessu tagi?

„Ég er nú alltaf að leika mér með ýmislegt. Nú er ég farinn að framleiða vörulínu sem ég kalla Morgunsól. Það er rabarbarasulta, aðalbláberjasulta og marmelaði.

Svo framleiði ég líka drykk sem heitir Ellistopparinn, helvíti magnaður drykkur sem stoppar ellina.“

Dalbær á Snæfjallaströnd

– Dalbær á Snæfjallaströnd norðan Ísafjarðardjúps ...

„Dalbær er alveg yndislegur staður. Núna verður þriðja sumarið sem við konan mín rekum þar ferðaþjónustu. Þetta gekk mjög vel síðasta sumar, mikið af Íslendingum sem komu til okkar.

Náttúran á þessu svæði er gríðarlega falleg og þarna er líka mikil saga. Vetur voru mjög harðir á Snæfjallaströnd og lífsbaráttan hörð á liðnum öldum.“

Afi sagði: Barnið má

Hér á eftir fara svo nokkrar af frásögnum Sigurðar Sigurðssonar frá æsku hans og uppvexti.

Ég ólst upp hjá þeim heiðurshjónum ömmu minni og afa Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted og Arngrími Friðriki Bjarnasyni ásamt móður minni Ástríði Kristínu, en hún flutti til Reykjavíkur þegar ég var barn að aldri. Húsið í Hafnarstræti var gamalt forskalað tvílyft timburhús en það var rifið fyrir nokkrum árum. Á neðri hæðinni var verslun og eitt herbergi en við bjuggum á efri hæðinni. Í húsinu voru tvö svefnherbergi en þar höfðu alist upp ellefu börn fyrir minn dag.

Ljósmyndir: Spessi.

Í minningunni voru einungis hamingjudagar á Ísafirði í þá daga – alltaf sól og blíða – spegilsléttur Pollurinn – Bæjarbryggjan rétt við húsdyrnar þar sem kúrðu og vögguðu alls konar fleytur – fjaran – Dokkan – Hafnarstrætið með öllum verslununum – Alþýðuhúsið þar sem Tarzan og fleiri ofurhetjur vitjuðu okkar – Sundhöllin þar sem hægt var að vera í sundi allan daginn en bara ef þú varst með réttan lit af teygju en af þeim átti ég nóg og skipti yfir í rautt, gult eða grænt, allt eftir því hvað var í gildi hverju sinni – og fullt af börnum úti um allt.

Það má með sanni segja að ég hafi alist upp í stjórnlausu eftirlæti hjá þeim hjónum – ekki síst var afi eftirlátssamur. Eftir að hann dó reyndi amma stundum að hemja frekjuna í mér en þá notaði ég óbrigðult ráð: Ég sagðist hafa farið upp að leiðinu hans afa og spurt hvort ég mætti fá t.d. pening fyrir bíó. Afi hélt nú það, barnið má, var viðkvæðið, svo eftirleikurinn var auðveldur eftir

að ég tilkynnti ömmu um skilaboðin að handan en amma bar takmarkalausa virðingu fyrir öllu þaðan – hún gat ekki verið alveg viss hvort ég var að ljúga eða ekki.

Peningareki í Gvendareyjum

Amma eignaðist Gvendareyjar í mynni Hvammsfjarðar eftir seinna stríð. Þar dvaldi hún í nokkur sumur með börnum sínum áður en ég fæddist. Á árunum 1966-69 var ég þar með ömmu ásamt frænda mínum í þrjú sumur. Þegar líða tók á síðasta sumarið fór ég að finna til eirðarleysis og fannst tilbreytingarleysið vera mikið. Ég var fyrir löngu búinn að lesa allan Basil fursta, róa út í allar eyjarnar átján á Farsæli, bátnum hennar ömmu, leita að mink og drepa svartbaksunga og hugsaði með hryllingi til þess að eiga eftir að vera í eynni í heilan mánuð í viðbót. Ef mér tækist að komast til Stykkishólms í einn dag gæti dvölin orðið bærileg það sem eftir lifði sumars.

Amma tók með sér peninga til að borga fyrir vistir sem okkur voru færðar reglulega af Brokeyingum yfir sumarið. Hún geymdi þá í grænum léreftspoka sem hún setti ofan í stólinn sem hún sat alltaf á í eldhúsinu. Þetta voru allt nýir 25 króna seðlar. Mér tókst að næla mér í dálítinn bunka af þeim þegar amma var eitthvað að stússast úti við einn daginn.

Eftir nokkrar fortölur fékk ég frænda minn í lið með mér til að taka þátt í atburðarás sem ég var með í smíðum. Við fórum niður í fjöru þar sem ég stráði seðlunum í fjöruborðið og lét frænda minn hlaupa heim á bæ til að ná í ömmu og segja henni að peninga hefði rekið að landi. Ráðabrugg mitt fólst í því að fá ömmu til að trúa því að peninga hefði rekið á land en þá gæti hún ekki neitað mér um að fara til Stykkishólms til að eyða þeim þar. Eftir skamma stund kom amma askvaðandi en frændi minn varð eftir heima í bænum því honum brást kjarkur að verða vitni að viðbrögðum hennar.

Ég stóð úti í sjónum sem náði mér upp undir hendur og var í óða önn að tína upp seðlana þegar amma kom. Ég kallaði til hennar í gegnum öldugjálfrið að nú hefði mikið happ orðið – einhver bátur hefði misst út peninga og þá rekið til okkar með innfallinu. Amma var ekki lengi að átta sig á aðstæðum og lét nokkur vel valin orð falla sem ég læt ekki fylgja með hér. En sennilega hefur hún eitthvað vorkennt mér, því nokkrum dögum seinna sigldum við frændi minn til Stykkishólms með sinn hvorn 25 króna seðilinn sem við máttum eyða að vild í Hólminum. „Rekinn“ var því ekki til einskis.

Hann Sigurður minn er ekki rauðhærður

Eftir að afi dó og mamma fór suður bjuggum við amma saman þar til ég fór að heiman. Sambýli okkar var mjög gott þó stundum gæti það verið stormasamt. Amma var skapmikil og stórlynd kona. En eitt mátti hún eiga – hún stóð alltaf með mér, sama á hverju gekk. Þegar kvartað var undan mér – sem var víst nokkuð oft – kannaðist hún ekki við neitt og svaraði viðkomandi fullum hálsi, hann ætti nú bara að passa börnin sín betur eða eigurnar sínar.

Eitt sinn hringdi Gunnþórunn bankastjórafrú í Útvegsbankanum í ömmu og sagði að ég hefði verið að slíta upp sumarblómin úr garðinum hennar sem hún var nýbúin að gróðursetja. Amma bað um lýsingu á barninu og Gunnþórunn sagði að þetta hefði verið rauðhærður drengur með freknur.

Hann Sigurður minn, hann er ekki rauðhærður, hann er gyllinhærður, þér hafið hringt í skakkt númer, þetta er 244, sagði amma og skellti á frúna og rigsaði móðguð inn í eldhús þar sem blöstu við falleg sumarblóm í vasa á eldhúsborðinu.

Þegar betri borgarar komu

Amma átti til að gera sér mannamun við viðskiptavinina. Ef inn í búðina komu betri borgarar bæjarins eða t.d. einhver af Einars Guðfinnssonarslegtinu, þá setti hún upp í sig tennurnar áður en hún fór fram – annars lét hún tannleysið duga.

Hún sat alltaf á stól inni á kontór, reykti pípu og fylgdist með hverjir komu inn í búðina með því að líta í spegil við hliðina á sér. Hún var alltaf með eldrauðan varalit og litaði augabrúnirnar svartar með Artline 90 tússpenna. Hann kom sér líka vel þegar þurfti að leggja saman en amma notaði aldrei samlagningarvél heldur lagði saman og dró frá með tússpennanum á gömlum Lögbirtingablöðum og Moggum.

Hún greiddi hárið upp og festi það með spennu efst uppi á kollinum. Hún var farin að grána eins og gengur og gerist en hún brást við því með að lita sjálf á sér hárið – það átti þó til að misheppnast og varð einu sinni fjólublátt.

Að gera góða lykt í húsinu

Á unglingsárunum var ég í einn vetur í burtu og amma sá um sig sjálf á meðan. Eitt skipti hringdi ég í hana til að heyra í henni hljóðið. Um leið finn égað eitthvað er að svo ég spyr hana hvort ekki sé allt í lagi. Þá fékk ég söguna um slökkviliðsmennina.

Þannig var að ég hafði pantað aðeins of mikið af greni í blómabúðina fyrir jólin en amma var hagsýn og nýtin kona. Hún hafði tekið upp á því að brenna greninu sem ekki seldist svo góð lykt kæmi í húsið. Í þetta skipti hafði hún smeygt sér í bað í bala á eldhúsgólfinu og kveikt í leiðinni í nokkrum hríslum. Eitthvað hefur brennslan farið úr böndunum hjá gömlu konunni því einhver hafði hringt á slökkviliðið því það rauk út um alla glugga og ekki sást inn um gluggana fyrir reyk. Slökkviliðið mætti því í fullum skrúða með reykgrímur og ruddust inn í eldhúsið til hennar þar sem amma stóð í sakleysi sínu í balanum.

Ég get sagt þér það Siggi minn, að þeir geta þakkað fyrir það að ég er með sterkt hjarta þegar ég sá þennan ófögnuð inni á eldhúsgólfinu hjá mér og bað þá um að gjörasvovel að pilla sér út.

Mistök við álagningu

Amma var mikill kaupmaður og var mikið í mun að selja vel. Eftir að ég fór að stálpast, en þá rákum við blómabúðina saman, höfðum við hvort sína peningaskúffuna. Í lok dagsins gerðum við upp og var þá oft keppni á milli okkar hvort hefði nú haft betur.

Eitt sinn var ég að útrétta úti í bæ en amma sá um búðina á meðan. Þá kom blómasending að sunnan en þeir á Flugfélaginu komu með kassana til okkar og hentu þeim inn á gólf. Amma byrjaði strax að selja úr sendingunni en efst í kassanum var miði með innkaupsverðinu á blómunum en fyrir misskilning hélt amma að það væri útsöluverðið.

Þegar ég kom til baka sá ég að hún hefði verið að selja blómin á innkaupsverðinu og benti henni á það. Ömmu var mjög brugðið en ég þurfti aftur að fara í útréttingar og kom ekki til baka fyrr en hún var búin að loka búðinni. Þá kallaði hún á mig og sýndi mér ánægð í skúffuna sína sem var óvenju troðin. Ég spurði því hvort mikið hefði verið að gera.

Jú, það var ágætt, en mér tókst að ná inn mismuninum á innkaupsverðinu og útsöluverðinu, svaraði hún hróðug. Sú gamla hafði þá lagt fjórfalt ofan á allt sem hún seldi eftir að henni urðu ljós mistökin.

Einn kakódunk, takk fyrir!

Á kreppuárunum „fyrri“ var erfitt um aðföng og mikill skortur á ýmsum vörum. Afa hafði tekist að verða sér úti um ýmislegt sem erfitt var að fá. Má þar nefna kakó, kaffi, sykur og hveiti. Vörurnar voru skammtaðar og gat hver og einn viðskiptavinur aðeins fengið eitt af hverju. Ömmu hafði tekist að næla sér í tvo kakódunka sem hún geymdi uppi í eldhúsi.

Eitt sinn þegar hún er að elda hádegismatinn kemur afi upp og nær í báða dunkana og fer með þá niður og selur annan viðskiptavini sem bar sig illa. Nú var ömmu illa misboðið – reif af sér svuntuna, rigsaði niður tröppurnar, út um útidyrnar og skeiðaði inn um verslunardyrnar en þar stóð afi bak við búðarborðið og varð alveg forviða að sjá þennan nýja viðskiptavin.

Hvurnig er það Arngrímur Friðrik Bjarnason, get ég ekki fengið afgreiðslu hér eins og aðrar frúr í bænum, ég ætla að kaupa af yður einn kakódunk, takk fyrir, sagði amma snúðug og skellti pening á búðarborðið.

Skyndilegur endir í skátunum

Amma vildi að ég gengi í Skátahreyfinguna svo ég gerði það. Skátaheimilið var í Mjallargötunni rétt hjá okkur, en þar voru fundirnir haldnir. Ég byrjaði sem yrðlingur fyrstu árin eins og allir aðrir gera og kunni ágætlega við mig. Við vorum í skátabúningum sem voru skreyttir með alls konar borðum á öxlum og handleggjum – allt eftir því hvar í virðingarstiganum þú varst.

Eins og gefur að skilja voru yrðlingar ekki mikið borðalagðir og fann ég sárt til þess. Í Skátaheimilinu var lítil verslun sem seldi allt sem til þurfti viðvíkjandi búningunum og fleira sem snerti skátastarfið. Ég bar mikla virðingu fyrir foringjunum sem voru borðalagðir í bak og fyrir og þráði að verða eins og þeir. Ég sá ekki fram á að ná þeim virðingarstiga í nánustu framtíð svo ég tók til minna ráða.

Í félagi við einhvern sem ég man ekki lengur hver var, kannski eins gott fyrir hann, þá fór ég óboðinn inn í Skátaheimilið og í verslunina og nældi mér í þau merki sem mér þóttu fallegust. Fór síðan með þau heim til ömmu og við sátum saman eina kvöldstund og saumuðum þau á búninginn. Ég mætti síðan á næsta fund sæll og glaður – allur borðalagður langt fram á handleggi – en það reyndist verða minn síðasti fundur. Það voru víst ekki allir eins ánægðir með mig og ég sjálfur. Einhverjum fannst víst framgangur minn aðeins of hraður fyrir þeirra smekk.

Hætti í Tónlistarskólanum

Ég fór líka í Tónlistarskólann af því að amma vildi það. Ég lærði á þverflautu og síðar á trompet. Ég varð því miður að leggja frekara tónlistarnám á hilluna því amma tók upp á því að standa alltaf upp þegar ég var að spila á tónleikum og standa allan tímann sem ég var að spila.

Þetta var of mikið fyrir sjálfstraustið að sjá ömmu standa eina í salnum og klappa síðan eins og hún ætti lífið að leysa eftir að ég hafði með herkjum tekist að berja mig í gegnum eitt lag nokkurn veginn skammlaust á trompetinn. Því hætti ég í Tónlistarskólanum.

Láta þig vita það, Jens Kristmannsson!

Ég stundaði knattspyrnu hjá Vestra en hér kemur sagan af því þegar ég gekk yfir í Hörð. Ég hafði frétt af því að til stæði að Hörður færi í fótboltaferðalag til Reykjavíkur. Mig langaði mikið að fara svo það var bara um að eitt að velja, ég varð að skipta um félag, sem ég og gerði.

Þegar líða tók á vorið og ferðalagið nálgaðist fór Jens Kristmanns að huga að því að velja hópinn. Fljótlega frétti ég að valið stæði á milli mín og Dodda Óla og varð síðan ofan á að Doddi var valinn í stað mín. Þetta voru mér mikil vonbrigði og ég skildi alls ekki af hverju ég var ekki valinn. Doddi hafði reyndar æft með Herði síðan hann var ungabarn og öll hans fjölskylda eldheitir Harðverjar en mér fannst það ekki skipta neinu máli.

Ég klagaði í ömmu og bar mig illa og kvartaði undan því að Doddi skyldi hafa verið tekinn fram yfir mig. Það þurfti ekki meira til. Amma bjó sig upp, fór í pelsinn og arkaði niður í Ljón til Jenna þar sem hann vann.

Ég ætla bara að láta þig vita það, Jens Kristmannsson, að hann Sigurður minn er að fara í þetta fótboltaferðalag, og ef þú sérð ekki til þess, þá er mér að mæta, sagði amma.

Að sjálfsögðu fór ég í ferðalagið en það var auðvitað bara af því að ég var miklu betri í fótbolta en Doddi, og er enn – og það veit Doddi.

Gott að hafa Finnsbúð upp á að hlaupa

Ég fór oft frjálslega um búðina hjá ömmu svo henni þótti nóg um. Amma seldi sælgæti í blómabúðinni og ágirntist ég það – sérstaklega kókosbollurnar – en þær var sérstaklega erfitt að nálgast. Þær voru í kössum á tveimur

hæðum og var ég fljótur að átta mig á því að betra var að taka bollurnar á neðri hæðinni. Þegar amma tók spjaldið af sem skildi að hæðirnar tvær blasti við henni bollulaus neðri hæðin. Þá átti ég ekki von á góðu og var ég settur í búðarbann í blómabúðinni.

Þá var gott að vita af kókosbollunum hjá Finni í Finnsbúð.

Vinsæll á Kaupfélagshorninu

Aðeins í eitt skipti minnist ég þess að hafa farið yfir strikið í sjálftöku minni í búðinni. Það var þegar ég stal flugeldunum frá ömmu en þá seldi hún í blómabúð Arngríms Fr. Bjarnasonar. Ég var orðinn eldri og forhertari í aðgerðum mínum og lét mér ekki lengur nægja leikaramyndir eða nammi – nú voru það flugeldar og kínverjar. Ég varð óhemju vinsæll á Kaupfélagshorninu, Alþýðuhúströppunum og fyrir framan Eyrarver þar sem ég var með mína eigin flugeldasýningu svo upplýstist himininn yfir Eyrinni og hefði hver björgunarsveit geta orðið stolt af.

En amma var ekki eins ánægð þegar hún uppgötvaði að einn fjórði af flugeldabirgðunum var horfinn. Ég hafði aldrei séð hana eins reiða og skammaðist mín í fyrsta skipti í samskiptum okkar.

Það má kannski segja að sjálftöku minni hafi lokið með stæl – með heilli flugeldasýningu á kostnað ömmu. En eftir þetta var komið nýtt áhugamál sem ekki fékkst í búðinni hennar svo það var sjálfhætt hvort sem var – þá komu stelpur til sögunnar.

Erfitt hlutskipti ömmu

Eftir að ég komst á fullorðinsár og varð foreldri hefur mér oft verið hugsað til ömmu og hvernig það hefur verið fyrir hana að taka að sér þetta hlutverk að ala upp óstýrilátan og uppátækjasaman dreng. Til gamans má geta þess að amma var jafngömul þegar ég fæddist og ég er í dag.

Eins og áður sagði stóð amma alltaf með mér þrátt fyrir alla óknyttina, en það hefði verið auðvelt að brjóta niður sjálfstraustið og athafnasemina með neikvæðum athugasemdum og skömmum.

Ég hef alltaf verið þakklátur forsjóninni fyrir að hafa átt ömmu sem var mér stoð og stytta og gaf mér það frelsi sem mér var nauðsynlegt og skilning á persónu minni. Ég hafði heilt bæjarfélag til ráðstöfunar og mátti ekki minna vera. Ísafjörður var eins og búinn til fyrir mig.

Síðast en ekki síst vil ég þakka mínum bestu vinum, þeim Arnari, Spessa og Kidda, fyrir dýrmætan vinskap þeirra í gegnum árin. Án þeirra hefði Ísafjörður verið sviplítill.

Vatnavinir fengu fimm styrki

Vatnafirðir Vestfjarða fengu 3,9 milljónir við úthlutun styrkja Ferðamálastofu vegna úrbóta á ferðamannastöðum 2010. Vatnavinir, sem eru samtök í heilsutengdri ferðaþjónustu, fengu í samstarfi við aðra styrki vegna fimm verkefna. Hæsti styrkurinn er vegna laugar og leiks á Krossholti á Barðaströnd og nemur hann 1,5 milljón króna. Verkefnið er unnið í samstarfi við Ungmennafélag Barðastrandar. Einnig fengu Vatnavinir Vestfjarða og Ungmennafélagið-Leifur heppni 700.000 krónur vegna Krossneslaugar. Þá fengu Vatnavinir og Kaldrananeshreppur 700.000 krónur vegna pottaþyrpingar við sæ á Drangsnesi. Úthlutað var 500.000 til Vatnavina Hollvinafélags Gvendarlaugar og einnig hálf milljón til samtakanna og Ævintýradalsins Heydals í Ísafjarðardjúpi.

Verkefni á vegum Vatnavina voru ekki einu vestfirsku verkefnin sem fengu styrk. Einnig fengu Sæferðir 700.000 króna styrk vegna úrbóta á ferðamannaaðstöðu í Flatey á Breiðafirði. Ísafjarðarbæjar hlaut 100.000 krónur í styrk vegna skiltagerðar og merkingar göngustíga í Tungudal. Súðavíkurhreppur fékk 500.000 króna styrk vegna göngustígagerðar.

Bjargtangar (Félag landeigenda og sumarhúsaeigenda við Látrabjarg) fékk 1.100.000 krónur vegna skipulags og merkinga við Brunna við Látrabjarg en Björgunarsveitin Bræðrabandið fékk einnig 650.000 vegna salernis og rotþróar við Keflavík við Látrabjarg.

Alls bárust til Ferðamálastofu 260 umsóknir, sem er um 18% fjölgun frá 2009 sem þá var metár. Heildarupphæð sem sótt var um var um 510 milljónir króna en til úthlutunar að þessu sinni voru 48 milljónir króna, eða 9.4%. Umsóknir voru almennt mjög vel vandaðar og verkefnin áhugaverð. Því reyndist sérlega erfitt að velja á milli umsókna.

Alls hlutu 89 verkefni styrk. Lægstu styrkirnir nema 70 þúsund krónum en þrjá hæstu styrkina, 3 milljónir hvert verkefni, fengu Sveitarfélagið Skagafjörður vegna snyrtingar fyrir fatlaða við Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ, Ríki Vatnajökuls við Hornafjörð vegna þróunarverkefnis um vistvæna áningarstaði og Borgarbyggð vegna deiliskipulags og tröppugerðar við Grábrók.

Innan tíðar geta göngugarpar gengið göngustíg milli Hnífsdals og Ísafjarðar.

Göngustígur í kaupbæti

Endurnýja þarf spennistöðina í Stóruurð á Ísafirði þegar háspennustrengur verður lagður frá Bolungarvík, í gegnum Bolungarvíkurgöng, meðfram Hnífsdalsvegi og upp í Stóruurð. „Þá leggst af lína yfir fjöllin sem eykur afhendingaröryggi," segir Halldór Halldórsson, bæjastjóri Ísafjarðarbæjar. Fyrsti áfangi verksins eru skeringar í Eyrarhlíð sem boðnar verða út 9. mars en að því loknu verður lagður göngustígur út í Hnífsdal.

„Við ætlum að nýta okkur þessa framkvæmd og fáum þarna í kaupbæti vandaðan göngustíg sem lagður verður ofan á skurðinn. Ef bærinn ætlaði að fara út í slíka framkvæmd að skera út fyrir stíg á eigin vegum yrði það afar dýrt," segir Halldór.

Eins og fram hefur komið skal skeringunum vera lokið eigi síðar en 15. maí á þessu ári. „Það er aðeins fyrsti áfangi í verkinu en engu að síður mjög mikilvægur áfangi," segir Halldór. Magntölur fyrsta áfangans eru bergskeringar um 2.500m³, skering í laus jarðlög um 22.000m³, grjótvörn um 3.000m³ og grjóthleðsla um 150m².

Sigurður sigraði

Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi á Ísafirði og núverandi oddviti Í-listans, sigraði í prófkjöri framboðsins sem fór fram á laugardag. Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi, hafnaði í öðru sæti. Í-listinn er sameiginlegt framboð Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar - grens framboðs, Frjálslynda flokksins og óháðra. Alls greiddu 421 atkvæði í prófkjörinu.

Gildi atkvæði voru 411.

Atkvæði féllu þannig:

Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi, 178 atkvæði í 1. sæti.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi, 183 atkvæði í 1.-2. sæti.

Kristján Andri Guðjónsson, útgerðarmaður, 173 atkvæði í 1.-3. sæti.

Jóna Benediktsdóttir, bæjarfulltrúi, 229 atkvæði í 1.-4. sæti.

Lína Björg Tryggvadóttir, svæðisstjóri Intrum á Vestfjörðum, 196 atkvæði í 1.-5. sæti.

Ætti að stuðla að sameiningu fjölskyldna fremur en sundrungu

Stjórn Róta, áhugafélags um menningarfjölbreytni, hvetur stjórnvöld til að endurskoða þá ákvörðun að synja fjölskyldufólki um dvalarleyfi hér á landi sem ekki getur sýnt fram á lágmarksframfærslu, sem að mati Útlendingastofnunar er 125 þúsund krónur fyrir einstakling. Þetta kemur fram í ályktun frá samtökunum sem send hefur verið dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu auk forsætisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og ráðuneyti sveitastjórnarmála. „Að sundra fjölskyldum getur aldrei stýrt góðri lukku og ætti Ísland að vera í fararbroddi þeirra ríkja sem sýna mannúð í verki og stuðla að sameiningu fjölskyldna fremur en sundrungu," segir í ályktuninni.

Rætur telja það alvarlegt umhugsunarefni á hvaða vegferð það þjóðfélag er sem telur rétt að senda fólk úr landi og jafnvel splundra fjölskyldum vegna fjárhagserfiðleika. „Slíkar aðgerðir snúa enda ekki aðeins að fólki sem komið hefur hingað til tímabundnar dvalar heldur vega þær einnig að grundvallar réttindum Íslendinga til að eiga fjölskyldu án tillits til uppruna maka eða fjárhagslegra skilyrða," segir jafnframt í ályktun stjórnar Róta.

Ljósmyndir: Páll Önundarson.

Mikið fjör á þorrablóti í Holti

Hið árlega þorrablót í Holti í Önundarfirði var haldið í 55. skipti fyrir stuttu en það eru íbúar í dreifbýli í Önundarfirði sem sjá um framkvæmd blótsins, fjögur til fimm heimili í hvert sinn. Aðsóknarmet var á blótið í ár en samt tókst að koma öllum þokkalega til sætis að sögn Árna Brynjólfssonar, bónda að Vöðlum í Önundarfirði, sem sæti átti í undirbúnings-nefnd blótsins í ar. Líkt og fyrr sáu systurnar Elín og Hugljúf Ólafsdætur um þorramatinn og var þema kvöldsins „Aftur til fortíðar“. Salurinn var skreyttur í baðstofustíl og setti nefndin upp lítinn leikþátt sem gerðist í baðstofunni á Borustöðum, sem er lítið eyðikot milli Þórustaða og Holts. Þar að auki voru til skemmtunar hefðbundnir liðir eins og annáll, bragur, happdrætti og nefndarvísur.

„Það var bara ljómandi fín stemmning, eins og reyndar alltaf,“ sagði Árni. Að borðhaldi loknu spiluðu Halli og Þórunn fyrir dúndrandi dansi fram á rauða nótt. Áður fyrr söfnuðust sveitungar saman á sveitabæjum og blótuðu þorra en eftir að skólahúsið í Holti var byggt og tekið í notkun í áföngum, hefur verið blótað þar. Fyrst var blótað í Holti árið 1954 og aðeins einu sinni síðan þá hefur þorrablótið verið fellt niður.

Þjónustusamningur við RÚV til endurskoðunar

Menntamálaráðherra hefur tekið þjónustusamning við Ríkisútvarpið til endurskoðunar, en samningur var settur á þegar RÚV var breytt í opinbert hlutafélag. „Það á eftir að móta þennan samning til að móta þær kröfur sem ríkið setur á RÚV," sagði Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra á Alþingi í fyrir stuttu. Í utandagskrárumræðu um málefni RÚV benti Katrín á að í 3. grein samningsins komi fram að RÚV eigi að bjóða upp á svæðisbundnar útsendingar. Þær verða hins vegar lagðar af þó enn starfi svæðisstöðvarnar. Katrín sagði ljóst að í samningnum væri skýr afstaða um mikilvægi svæðisbundinna útsendinga. Það þurfi því að fara yfir þetta sérstaklega.

Málshefjandi var Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks en hann gagnrýndi mjög niðurskurð RÚV á landsbyggðinni, og sagði grafalvarlegt ef það væri rétt að ákvarðanir útvarpsstjóra fari gegn gildandi þjónustusamningi. Hins vegar fagnaði hann því að samningurinn yrði tekinn upp og sagði það mikilvægt að hlutverk RÚV yrði ekki rýrt í þeim viðræðum.

Katrín sagði að fyrst og fremst verði að ná sátt um það hlutverk sem RÚV á að sinna. Því þurfi að skilgreina þá almannaþjónustu sem gerð er krafa um. Menntamálaráðherra nefndi í því sambandi deilur um hvort rekstur Rásar 2 sé almannaþjónusta. Sjálf sagði Katrín telja svo, enda ekki á annarri útvarpsstöð spilað jafn mikið af nýrri íslenskri tónlist. Katrín bætti við að taka þurfi þá umræðu milli ráðuneytis, RÚV og Alþingis.

– kristjan@bb.is

Menntamálaráðherra segir ljóst að í þjónustusamningnum sé skýr afstaða um mikilvægi svæðisbundinna útsendinga.

Tæplega fjórðungur íslenskra ferðamanna gistu á Vestfjörðum á árinu 2009.

23% íslenskra ferðamanna gistu á Vestfjörðum í fyrra

Tæplega fjórðungur íslenskra ferðamanna gistu á Vestfjörðum á ferðalögum sínum um landið á árinu 2009. Sex af hverjum tíu landsmönnum gistu á Norðurlandi og Suðurlandi en fjölmargir gistu á Vesturlandi eða tveir af hverjum fimm. Fjórðungur gisti á Austurlandi, fimmtungur á höfuðborgarsvæðinu, einn af hverjum tíu á hálendinu og 5% á Reykjanesi. 7% landsmanna þykir Vestfirðir hvað mest spennandi til vetrarferða.

Norðurland þykir þó mest spennandi til vetraferða. Jafn margir þykja Vestfirðir og höfuðborgarsvæðið mest spennandi til vetrarferða á Íslandi. Þetta kemur fram í nýútgefnum tölfræðibæklingi Ferðamálastofu.

D-listinn í Ísafjarðarbæ samþykktur

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ var samþykktur á fjölmennum fundi í fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ. Þar lagði kjörnefnd fram tillögu að skipan framboðslista flokksins við sveitarstjórnarkosningarnar í vor sem samþykkt einróma af öllum fundarmönnum, enda var mikill einhugur í hópi fundarmanna. Þar er Eiríkur Finnur Greipsson í fyrsta sæti, Gísli Halldór Halldórsson í öðru sæti og Guðfinna M Hreiðarsdóttir í því þriðja.

„Á næstu vikum og mánuðum mun listinn beita sér fyrir víðtækri þátttöku flokksmanna við mótun stefnuskrár fyrir listann. Gífurlega mikil þátttaka var í prófkjörinu þann 13. febrúar síðastliðinn og mikil fjölgun í flokknum. Það er því mikill hugur í okkur sjálfstæðismönnum og vilji til að stilla saman strengina og fylgja eftir þeim mikla áhuga sem er fyrir framboðinu," segir í tilkynningu á vef oddvita flokksins.

Skipan framboðslistans er þessi:

1. Eiríkur Finnur Greipsson Flateyri
2. Gísli Halldór Halldórsson Ísafirði
3. Guðfinna M Hreiðarsdóttir Ísafirði
4. Kristín Hálfdánsdóttir Ísafirði
5. Margrét Halldórsdóttir Ísafirði
6. Guðný Stefanía Stefánsdóttir Ísafirði
7. Steinþór Bragason Ísafirði
8. Halldór Halldórsson Ísafirði
9. Ingólfur Þorleifsson Suðureyri
10. Hlynur Kristjánsson Ísafirði
11. Steinar Jónasson Mjólká
12. Hafdís Gunnarsdóttir Ísafirði
13. Róbert Hafsteinsson Ísafirði
14. María Hrönn Valberg Flateyri
15. Sturla Páll Sturluson Suðureyri
16. Anna Marzellíusardóttir Ísafirði
17. Birna Lárusdóttir Ísafirði
18. Geirþrúður Charlesdóttir Ísafirði

— thelma@bb.is

Hlutfall sjómannaafsláttar í Ísafjarðarbæ það fjórða hæsta

Hlutfall sjómannaafsláttar í Ísafjarðarbæ er það fjórða hæsta á landinu. Samkvæmt svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar, þingmanns NV-kjördæmi, um sjómannaafslátt og sveitarfélög er hlutfall sjómannaafsláttar sveitarfélagsins 4,72% af sjómannaafslætti landsins í heild. Sjómannaafsláttur sveitarfélagsins var 52.170.996 krónur árið 2008. Hæsta hlutfallið var á höfuðborgarsvæðinu eða 11,90% en því næst kom Akureyri 7,80% og Vestmannaeyjar með 8,51% og Snæfellsbær með 5,88%.

Næst hæsta hlutfallið á Vestfjörðum var í Bolungarvík eða 1,89% en þar hljóðaði sjómannaafslátturinn upp á 20.884.433 krónur á síðasta ári. Hlutfallið var 1,41% í Vesturbyggð, 0,88% í Tálknafjarðarhreppi, 0,47% í Kaldrananeshreppi, 0,33% í Strandabyggð, 0,28% í Súðavíkurhreppi og 0,02% í Bæjarhreppi. Samtals komu 106.797.877 krónur í hlut vestfirskra sveitarfélaga.

– thelma@bb.is

Ísafjarðarhöfn.

Kynbætur í þorskeldi ganga samkvæmt áætlun

Kynbætur í þorskeldi ganga samkvæmt áætlun og var önnur kynslóð kynbótanna kreist síðastliðið vor. Þetta kemur fram í ársskýrslu AVS rannsóknasjóðsins fyrir árið 2009 þar sem fjallað er um verkefnið „Kynbætur á þorski og seiðaeldi". Verkefnið hlaut hæsta styrk sjóðsins á síðasta ári, 25,8 milljónir, að því standa Hraðfrystihúsið Gunnvör, Ice-Cod ehf, Stofnfiskur hf, Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar og Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum. Í verkefninu felst meðal annars að í því að klakþorskur fyrir kynbætur var fluttur úr eldiskví hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvör í Hafnir á Reykjanesi. Alls voru valdir 400 klakfiskar. Við komuna í Hafnir var þorskurinn vigtaður, lengdarmældur, merktur og lífsýni tekið vegna ætternisgreiningar.

Hraðfrystihúsið Gunnvör ásamt samstarfsaðilum kemur að sex verkefnum sem hlutu styrk úr AVS rannsóknasjóðinum á síðasta ári.

Kynbótafiskurinn var því næst handkreistur og hrognahópum haldið aðskildum til að byrja með eða þar til að seiðin hafa náð merkingarstærð. Alls voru búnar til 80 fjölskyldur og eru seiðin nú orðin um 30 g og verða þau merkt með rafeindamerkjum í nóvember 2009.

Árið 2009 var framleitt umtalsvert magn af seiðum með því að stýra hrygningu með ljósum þannig að hrygning verði að hausti. Með þessu móti verður hægt að bjóða kaupendum seiði af mismunandi stærð og á mismunandi tímum árs eftir því hvað hentar kaupendum hverju sinni. Tilraunir með að stýra hrygningartíma hjá þorski hafa sýnt að það er tiltölulega auðvelt er að fá þorsk í hrygningu utan náttúrulegs hrygningartíma. Þannig er hægt að fá hrygningu að hausti (ágúst – september) og framleiða seiði sem verða þá 100 -150 grömm ári síðar og yrðu flutt í sjókvíar síðsumars eða að hausti.

Gerð var tilraun með þetta í september 2008 þegar seiði þá 70 grömm, voru flutt í sjókvíar í Ísafjarðardjúpi og hefur vöxtur og afföll þeirra verið mælt reglulega síðan. Voru afföll fyrstu 9 mánuðina alls 17% eða 1,9% á mánuði sem er mun minna eða áður hefur verið mælt.

Árið 2006 voru í fyrsta sinn framleidd kynbætt þorskseiði á Íslandi þetta var síðan endurtekið árin 2007 og 2008. Eitt af markmiðum verkefnisins er að ná 16% kynbótaframför í vexti. Til að fylgjast með kynbótaframför hafa hrognum undan villtum þorski af Selvogsbanka verið klakið og seiðin alin samhliða kynbótaseiðunum. Öll seiði sem eiga uppruna sinn frá Selvogsbanka voru merkt og blandað saman við kynbótaseiðin.

Gerðar hafa verið samanburðarmælingar á þessum tveimur hópum og hefur markmið um kynbótaframför gengið eftir. Í desember var þessum hóp slátrað hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf. Nánar er sagt frá á verkefninu í skýrslu AVS. *– thelma@bb.is*

Sumarlokun leikskólanna lengd

Óskað hefur verið eftir því að sumarlokun á leikskólunum Grænagarði á Flateyri og Laufási Þingeyri verði lengd úr fjórum vikum í fimm. Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar styður þá tillögu í ljósi framkominna upplýsinga og reynslu undanfarinna ára. Á síðasta fræðslunefndarfundi var lagður fram tölvupóstur frá foreldri þar sem spurt er hvort eigi að greiða fullt leikskólagjald fyrir þá mánuði sem starfsdagar eru settir.

Fræðslunefnd staðfestir að ákvörðunin hefur ekki áhrif á gjaldskrá. Nefndin tók einnig fram að henni þykir leitt ef ákvörðunin er íþyngjandi fyrir foreldra.

smáar

Til sölu er Grand Cherokee Limited. Ásett verð er 425 þús. kr. Skipti á ódýrari bíl koma til greina. Uppl. gefur María í síma 456 6602.

Til sölu er Nintendo Wii leikjatölva, eins árs og í toppstandi. Tíu leikir fylgja með ásamt þremur fjarstýringum. Verð aðeins 35 þús. Uppl. í síma 844 9526.

Til leigu er einbýlishús. Einungis langtímaleiga kemur til greina. Uppl. í síma 848 4265.

Þjóðaratkvæði um lög

Stakkur skrifar

Í fyrsta sinn eru yfirgnæfandi líkur á því að þjóðin kjósi um lög sem þjóðkjörið alþingi hefur sett með stjórnskipulega réttum hætti. Synjun forseta Íslands á þessum umdeildu lögum færir löggjafarvaldið að hluta til almennra kjósenda. Þeir geta samþykkt þau eða fellt. Þessi staða er ný og verður athyglisvert að sjá hver verður atburðarásin í stjórnmálum Íslands á næstu dögum. Engin teikn sjást á lofti um að komist verði hjá því að greiða atkvæði 6. mars n.k. þó augsýnilega sé áhuginn takmarkaður innan flestra þeirra flokka sem sæti eiga á alþingi.

Einstakir þingmenn eru áhugasamari en aðrir um að þjóðin greiði atkvæði og óska þess að lögin verði felld. Aðrir hafa minni áhuga hvort heldur þeir sitja í stjórnarandstöðu eða styðja ríkisstjórnina. Ekki er alveg ljóst hver staðan verður fari svo að lögin frá því í desember á liðnu ári verði felld í þjóðaratkvæði. Hins vegar þarf ekki að velkjast í vafa um það hver hún verður hljóti lögin samþykki. Ríkisstjórnin mun túlka það sem traust í sinn garð og hugsanlega yrði málið forseta Íslands óþægilegt.

Falli lögin verður það túlkað sem traust á forsetann og vantraust á ríkisstjórnina. Þá væri komin upp sú staða að ríkisstjórnin nyti ekki óskoraðs trausts og það gæti reynst henni þungt í skauti. Hvað tæki þá við er óvitað. Ekki er líklegt að stjórnarandstaðan reynist áköf í það að taka við Icesave í uppnámi og Breta og Hollendinga í þeirri stöðu að vilja ekki semja. Þannig verða yfirlýsingar ríkisstjórna þeirra túlkaðar.

Kannski er til varaáætlun hjá ríkisstjórninni en erfitt verður að eiga við það að lánskjör Íslands verði í ruslflokki eins og matsfyrirtækið Moodys hefur boðað. Að auki má búast við því að bráðabirgðaríkisstjórn Hollands telji hendur sínar bundnar. Á sama tíma standa fyrir dyrum kosningar til breska þingsins og ólíklegt að Gordon Brown verði mjög liðlegur. Kannski hafa allar ríkisstjórnirnar varaáætlun og engu sé að kvíða. Fremur er það þó ólíklegt.

En kjarni málsins er að í fyrsta sinn eiga kjósendur þess kost að taka afstöðu með eða á móti settum lögum og hafa niðurstöðuna í hendi sér þegar þeir munda blýantinn í kjörklefanum á laugardaginn og segja annað hvort já eða nei. Það er svo annarra en þeirra að greiða úr niðurstöðunni. Kannski verður þetta mál allt saman til þess að farið verði að hyggja að öðrum óleystum vandamálum. Ólíklegt er að stjórnmálamenn hvar í flokki sem þeir standa geti skákað í skjóli Icesave og sagt að fyrst verði að leysa málið og svo sinna þjóðinni. En þjóðin á leik hverjar sem afleiðingarnar verða.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Lægst hlutfall réttindakennara

Haustið 2009 voru 153 starfsmenn við kennslu í grunnskólum á Vestfjörðum, en þar er átt við skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra og kennara. Þarf af voru 25,5% karlar en 74,5% konur. Starfsmenn við kennslu á Vestfjörðum, sem hafa kennsluréttindi, eru 114 talsins eða 89 konur og 25 karlar. 39 starfsmenn eru án kennsluréttinda en lægsta hlutfall réttindakennara er á Vestfjörðum, eða 74,5%.

Starfsmenn við kennslu í grunnskólum á Vestfjörðum voru skráðir 163 árið 2008 og 166 árið 2007. Frá árinu 1998 var fjöldinn mestur árið 2002 en þá voru 184 starfsmenn við grunnskólakennslu á Vestfjörðum.

– kristjan@bb.is

Rekstrarhagnaður MÍ 6,8 milljónir

Hagnaður verður af rekstri Menntaskólans á Ísafirði árið 2009 sem nemur 6,8 milljónum króna. Á fundi skólanefndar sem fram fór um í byrjun síðasta mánaðar voru lagðar fram upplýsingar um áramótastöðu og endurskoðaða fjárhagsætlun. Eins og fram kom í tilkynningu frá skólanum í nóvember var 14 milljóna króna halli á árinu 2008 en á árinu 2007 varð afgangur upp á 17 milljónir. Í upphaflegri rekstraráætlun 2009 var gert ráð fyrir að allur uppsafnaður halli fyrri ára yrði greiddur upp, samtals 24,5 milljónir króna.

Í skólasamningi frá 2006 og síðan við endurskoðun samningsins 2008 hefur fjárframlag til skólans verið miðað við nemendauppgjör eins og það var 2005. Síðan þá hefur námsframboð aukist með tilkomu háriðnbrautar, 3ja árs námi vélstjórnar og stálsmíði ásamt samfélagstúlkun. Vikulegar kennslustundir hafa hins vegar verið skornar verulega niður með hagræðingu og voru á haustönn 140 vikustundum færri en var þá.

Í rekstraráætlun fyrir 2010 er gert ráð fyrir að vikustundir á önn verði 200 færri en var fyrir fjórum árum sem þýðir um átta stöðugildi. Þessi skerðing námsframboðs ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum verður til þess að hægt verður að halda rekstri skólans innan fjárlagarammans á næsta ári.

– thelma@bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði.

Grunnskólinn á Ísafirði.

Nemendum fækkar

Nemendur í grunnskólum á Vestfjörðum voru 1.019 haustið 2009, þar af 521 drengir og 498 stúlkur. Er það fækkun upp á 55 nemendur frá árinu á undan. Frá árinu 1997 hefur nemendafjöldinn minnkað á hverju ári en það ár var fjöldi nemenda í fjórðungnum 1.431. Í haust voru flestir nemendur skráðir í Grunnskólann á Ísafirði eða 461. Grunnskóli Bolungarvíkur kemur næstur með 118 nemendur og þá Grunnskóli Vesturbyggðar með 113 nemendur. Í GÍ stunda 234 drengir nám og 227 stúlkur. Flestir nemendanna eru í 8. og 10. bekk. Í GB er kynjahlutfallið jafnt eða 59 af hvoru kyni. Þar voru flestir skráðir í 10. bekk eða 19 nemendur. Í GV er svipað uppi á teningnum, eða 57 drengir og 56 stúlkur. Þar eru flestir í 4. bekk eða 22.

Nemendur í grunnskólum á Íslandi voru 42.929 haustið 2009, auk þess sem 89 börn stunduðu nám í 5 ára bekk í fimm skólum. Grunnskólanemendum hefur fækkað um 582 frá síðastliðnu skólaári eða um 1,3%. Gera má ráð fyrir að nemendum grunnskóla haldi áfram að fækka næstu árin því þeir árgangar sem munu hefja grunnskólanám eru fámennari en þeir árgangar sem ljúka munu grunnskólanámi. Grunnskólanemendur á Íslandi voru flestir haustið 2003 eða 44.809. Frá þeim tíma hefur grunnskólanemendum fækkað um 1.880 nemendur. Þessar tölur koma úr gagnasafni Hagstofu Íslands, sem hefur safnað upplýsingum um nemendur í grunnskólum á Íslandi í október ár hvert síðan haustið 1997.

– kristjan@bb.is

Samstarf um krufningu refa

Melrakkasetur Íslands og Náttúrustofa Vestfjarða eiga í samstarfi við Háskóla Íslands vegna krufninga á veiddum refum á Vestfjörðum. Um er að ræða tilraunaverkefni þar sem hvatt er til markvissari rannsókna og upplýsingaöflunar vegna veiddra refa í fjórðungnum. Vorið 2009 voru sendar áætlanir og tilboð til allra sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem hvatt var til þátttöku í verkefninu með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Verkefnið gengur út á að safna dýrum til krufninga en þá verða sveitarfélögin að fara fram á heilt dýr í stað þess að greiða eingöngu fyrir skott. Einnig þurfa að fylgja upplýsingar um skotstað og dagsetningu veiða. Súðavíkurhreppur hefur þegar hafist handa og söfnuðust hátt í fjörutíu dýr á síðasta ári.

Dýrin voru krufin í nýrri krufningaraðstöðu Náttúrustofu Vestfjarða og munu viðkomandi veiðimenn og sveitarfélög fá senda skýrslu þar sem fram kemur m.a. aldur og frjósemi dýranna. Krufning dýranna var í höndum þeirra Páls Hersteinssonar og Esterar Rutar Unnsteinsdóttur, en þeim til aðstoðar var starfsfólk Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

– kristjan@bb.is

Námskeið í heimavinnslu mjólkurafurða

Landbúnaðarháskóli Íslands stendur í samvinnu við *Veislu að vestan* fyrir námskeiði á Ísafirði í heimavinnslu mjólkurafurða með áherslu á ostagerð. Námskeiðið verður sunnudaginn 21. mars. Farið verður í einstaka þætti ostaframleiðslu og tilbúningur einstakra ostategunda skoðaður til að fá tilfinningu fyrir muninum á framleiðslu á t.d. skyri, brauðosti, gráðaosti og smurostum og hvað þarf til. Gerðar verða verklegar tilraunir (sýnikennsla) með einfalda framleiðslu.

Skoðaðir verða möguleikar heimaframleiðslu og samanburður við hefðbundna mjólkurvinnslu. Rætt verður um tæki, tól og aðstöðu sem þarf fyrir hverja ostategund. Síðan verða umræður um framleiðsluaðstæður og möguleika þátttakenda.

Leiðbeinandi verður Þórarinn Egill Sveinsson mjólkurverkfræðingur. Eins og fyrr segir verður námskeiðið 21. mars og stendur frá 10-17, með fyrirvara um breytingar.

– kristjan@bb.is

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Stefnuvottar

Sýslumaðurinn á Ísafirði auglýsir eftir tveimur einstaklingum til að sinna verkefnum stefnuvotts og varastefnuvotts á Þingeyri og í Dýrafirði. Skv. 81. gr. laga nr. 91/1991 má engan skipa stefnuvott nema hann sé orðinn 25 ára, hafi óflekkað mannorð og sé svo heill og hraustur að hann geti gegnt starfanum.

Umsóknarfrestur er til 19. mars nk., en skipað er í stöðurnar frá og með 1. apríl 2010. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

Umsókn ásamt læknisvottorði skal skilað á skrifstofu sýslumanns að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Kristín Völundardóttir.

Sjá ekkert í veginum fyrir stækkun

Bræðurnir Hallgrímur og Davíð Kjartanssynir eiga og reka fyrirtækið Álfsfell ehf, sem gerir út smábát og elur þorsk í kvíum í Skutulsfirði. Nafnið á fyrirtækinu er komið frá æskuslóðum föður þeirra en Álfsfell er fjall milli Hlöðuvíkur og Kjaransvíkur á Hornströndum.

Bræðurnir Hallgrímur og Davíð Kjartanssynir.

Byrjaði að nýta smáfiskinn af línunni

„Í upphafi var þetta eingöngu útgerðarfyrirtæki, bróðir minn Davíð Kjartansson stofnaði fyrirtækið, en bauð mér fljótlega að kaupa helminginn í því og ákváðum við að reka fyrirtækið í sameiningu, hann sæi um allt nema pappírana, það væri mín deild," segir Hallgrímur Kjartansson framkvæmdastjóri Álfsfells á Ísafirði.

– Til að byrja með var Álfsfell lítið útgerðarfyrirtæki en illa gekk að eignast kvóta og var því enginn grundvöllur fyrir rekstrinum nema í ákveðinn tíma á ári með leigukvóta.

„Við ákváðum að reyna að kaupa okkur veiðiheimildir til þess að geta rekið útgerðina allt árið, á meðan að kvótinn var mjög lítill höfðum við nægan tíma til að gera eitthvað annað og þá byrjaði Davíð á því að nýta smáfiskinn af línunni," segir Hallgrímur.

– Davíð náði fljótt tökum á því að halda smáfiskinum lifandi, hann fékk sér eina litla kví og lagði henni í Skutulsfirðinum. Á leið í land setti hann smáfiskinn í kvína og gaf þeim á leiðinni út.

„Þetta var svona aukabúgrein hjá honum sem síðan hefur heldur betur undið upp á sig, sérstaklega með tilkomu þorskeldiskvótaverkefnisins á vegum Hafrannsóknastofnunar en þeir byrjuðu að veita mönnum sem voru byrjaðir í þessum bransa rannsóknarkvóta í samræmi við það sem var framleitt og samkvæmt mælingum og skráningu á umhverfisþáttum í kringum eldið." segir Hallgrímur, en Álfsfell hefur fengið hámarskúthlutun, sem er 125 tonn, síðustu þrjú ár.

Þarf í umhverfismat

– Þorskeldið stækkaði hratt og fór svo að í dag er fiskeldið full vinna hjá Davíð og þeir bræður búnir að ráða áhöfn á bátinn. Í dag veiða þeir ekki sjálfir í eldið heldur eru með tvo verktaka sem veiða kvótann sem Álfsfelli var úthlutað.

„Fyrirtækið hefur stækkað töluvert á síðustu 8 árum og við teljum að nú sé lag að stækka enn við okkur og við sjáum ekkert í veginum fyrir því, svo fremi að ekki verði gerðar grundvallarbreytingar á því starfsumhverfi sem við búum við í dag," segir Hallgrímur.

– Álfsfell framleiðir um 150 tonn á ári en þeir bræður vilja nú fjölga eldiskvíum úti í mynni Skutulsfjarðar. Skipulagstofnun komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að mikið eldi kynni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því fara í umhverfismat.

„Þessi starfsemi telst hafa umhverfisáhrif, fiskeldið hefur í för með sér staðbundin lífræn áhrif, svo sem fóðurleifar og drit úr fiskinum sem fellur á botninn. Stór eldi eru því talin geta haft áhrif á umhverfið og það þarf að gera sérstakt mat á þeim mögulegu áhrifum. Miðað við stærð fiskelda og mikil vatnsskipti fjarða á Íslandi kom það okkur reyndar mjög á óvart að þeir skildu fara fram á að umhverfismat yrði gert og þá sérstaklega vegna þessa að búið er að leyfa miklu stærri eldi nánast alls staðar á landinu."

– Hallgrímur segir að þeir bræður hafi orðið varir við töluverðan misskilning hjá almenningi hvað varðar mengun af fiskeldi.

„Þetta eru eingöngu lífræn áhrif beint undir kvíunum, fólk heldur kannski að við séum að skemma firðina en þetta snýst eingöngu um að færa kvíarnar til og hvíla botninn á nokkurra ára fresti. Það þarf því ekkert að óttast mengun í sambandi við fiskeldi. Umhverfismatið snýst um vöktun á svæðinu og að geta komið í veg fyrir skaða löngu áður en hann gæti hugsanlega orðið."

– Álfsfell hefur einnig óformlega fengið úthlutað svæði í Dýrafirði en ekki stendur til að nýta það svæði fyrr en það fer að þrengja að þeim í Skutulsfirði.

Þorskurinn seldur ferskur til Sviss

– Þorskurinn sem Álfsfell fær úr eldinu er unninn í HG í Hnífsdal og Íslandssögu á Suðureyri, þaðan sem hann er seldur ferskur til stórmarkaða í Sviss og víðar. Ástæðuna fyrir því að eldisfiskur selst vel í Sviss segir Hallgrímur vera þá að fyrir nokkrum árum hafi mikil umhverfisvakning átt sér stað í Sviss þar sem umhverfissamtök hvöttu fiskmarkaði til að kaupa ekki villtan fisk frá Íslandi því þeir telja að fiskistofnar Íslands séu ofveiddir.

„Við gerðum samning við þá um lítið magn og hefur sá markaður ekki stækkað eins og við bundum vonir við, m.a. vegna samkeppni frá Norðmönnum sem hafa undirboðið okkur. Þessi markaður er lítill, en lofar góðu," segir Hallgrímur.

– Hallgrímur bendir á að vissulega sé gengið hagstætt núna við sölu á fiski til Evrópu, en það megi ekki gleyma því að kostnaður við þorskeldistilraunir sé gríðarlega mikill, en hafi þó ekki hækkað eins mikið og gengisbreytingarnar gefi tilefni til. Umhverfið þarf að vera hvetjandi til þess að menn haldi viljanum til að fjárfesta í svona nýsköpun. Hluti af fiskinum hjá Álfsfelli fer á markað hér í heimabyggð og segir Hallgrímur að það sé mjög mikill kostur að geta selt fiskinn áður en hann er aflífaður.

„Við erum í þeirri stöðu að geta boðið fiskinn á því lágmarksverði sem við teljum okkur þurfa að fá, göngum síðan frá þeirri sölu ef um semst og sækjum fiskinn. Það er mun hagstæðara en að vera búnir að slátra fiskinum og bjóða hann svo á markaði, þá á maður á hættu að fá ekki það verð sem maður þarf fyrir fiskinn. Eldisfiskurinn selst því á nokkuð hærra verði en sá villti."

Fiskeldið fer vel saman við venjulega útgerð

– Hallgrímur segir að aðstæður til fiskeldis á landi séu mjög góðar á Íslandi, en aðstæður til sjókvíaeldis hafa verið taldar mun síðri, þá aðallega vegna veðurfars og hitastigs.

„Hitastig í sjó við Ísland hefur reyndar hækkað talsvert á síðustu árum og nóg til þess að við teljum að aðstæður fyrir fiskeldi séu orðnar góðar, allavega á einhverjum stöðum. Við sjáum það fyrir okkur að þessi atvinnugrein vaxi á næstu árum, hér er allt til staðar og fiskeldið fer vel saman við venjulega útgerð og fiskvinnslu hér á landi því vissulega er kunnátta og mannskapur þegar fyrir hendi. Það er varla hægt að hugsa sér nokkurn hlut, sem fellur betur inn í hefðbundið umhverfi sjávarbyggða og hefur jafn mikil margfeldisáhrif á atvinnulífið í kring," segir Hallgrímur.

– Hallgrímur starfar sem læknir og segir að það að reka fiskeldi og að vera læknir fari vel saman.

„Fiskeldið er þekkingargrein og ég tel mig alveg viðræðuhæfan við líffræðinga og aðra fagmenn í þessum geira. Það myndast góð sambönd við vísindamenn, markaðsmenn og ýmsa rekstraraðila. Fólk heldur kannski að það að vera framkvæmdastjóri hjá svona fyrirtæki þýði að maður þurfi að vera til taks á skrifstofu allan daginn, en þessi vinna er að mestu leyti unnin í gegnum netið og í gegnum síma þegar lausar stundir falla til um kvöld og helgar. Auðvitað þarf maður samt að hafa fólk til að hjálpa sér við ýmislegt og þannig vinnst þetta mjög vel. Þetta er hlutastarf hjá mér, en full vinna hjá Davíð. Hlutverk mitt hjá fyrirtækinu er að halda utan um pappírsvinnuna og kippa í spottana," segir Hallgrímur Kjartansson.

– kristjan@bb.is

Einföld og fljótleg sunnudagsmáltíð

Sælkeri vikunnar býður upp á uppskrift að einfaldri og fljótlegri sunnudagsmáltíð. Í forrétt er hráskinka og melóna, nautaréttur í aðalrétt og ís með heitri sósu í eftirrétt.

Forréttur

Hráskinka og melóna

Skinkan er skorin niður og melónan (cantalope) skorin í þunnar sneiðar.

Aðalréttur:

Nautakjöt
Salt og pipar
Núðlur
Franskar kartöflur
Teriaki sósa

Góður biti af nautakjöti er skorinn í mjög þunnar sneiðar (2-3 mm). Steikt örstutt (nokkrar sekúndur) í olíu á sjóðheitri pönnu. Piprað og saltað og borið strax fram. Með þessu eru bornar fram núðlur og stökkar franskar kartöflur (sticks). Sósan með kjötinu er einfaldlega Teriaki sósa sem er japönsk sósa,en hana má kaupa á flöskum út í búð.

Sælkerinn

Þessi meðhöndlun býður upp á safaríka steik, sem þó er ekki blóðug og þjónar því breiðum smekk.

Eftirréttur:

„Vanillu ís og Marssósa getur ekki klikkað.“

Marssósa:

Mars súkkulaði og rjómi hitað saman.

Ég skora á á Marzellíus Sveinbjörnsson til að koma með uppskrift næst.

Sælkeri vikunnar er Gísli Jón Hjaltason á Ísafirði.



Tónlistarmaðurinn Biggibix.

Hefur lokið upptökum fyrstu breiðskífunni

Ísfirski tónlistarmaðurinn Biggibix, eða Birgir Örn Sigurjónsson, hefur lokið upptökum á 11 laga plötu sem fer í framleiðslu á næstunni. „Þetta er búið að taka mig nákvæmlega eitt ár. Ég var búinn að taka plötuna upp í sumar en síðan komu upp vandræði í stúdíóinu þannig við tókum hana upp aftur og núna er hún tilbúin. Ég er mjög ánægður með útkomuna,“ segir Biggibix sem stendur sjálfur að útgáfu plötunnar sem tekin var upp í hljóðverinu Tanknum á Flateyri. Biggibix sendi frá sér sína fyrstu smáskífu í sumar með laginu *Oh My, Oh My* og fékk hún góðar viðtökur á útvarpsstöðum landsins. Í kjölfarið sendi hann frá sér smáskífuna *Situation* sem einnig hefur fengið töluverða spilun.

Platan ber heitið *Set Me on Fire* og eru öll lögin á plötunni eftir Biggabix. Hann sér einnig um hönnun á plötuumslaginu ásamt öllu sem við kemur útgáfunni. „Það er svo margt sem er dýrt í þessu, ég hafði ekki hugmynd um allan þennan kostnað sem leynist hér og þar og það kom mér svolítið á óvart. Ég fékk félaga minn, Baldur Pan til að taka myndir fyrir plötuumslagið en sá síðan um hönnunina sjálfur. Núna er ég, ásamt öðrum aðilum að vinna að undirbúningi á tveimur tónlistarmyndböndum sem verða tekin upp á næstunni. Það er mjög spennandi“ segir Biggibix. Lagið *Oh My, Oh My* hefur notið óvæntra vinsælda í Argentínu en lagið ku vera mjög vinsælt í stórum skóla þar í landi.

„Það er mjög gaman, ég var ekki beint að búast við því að lagið mitt myndi dúkka upp einhverstaðar en krakkarnir virðast vera að fíla þetta og maður fær viðbrögð frá þeim í gegnum netið. Ég fékk t.d sent myndband af krökkunum um daginn þar sem þau eru að flytja lagið mitt, það er bara gaman af því.“ Framundan hjá Biggabix er að undirbúa framleiðslu og dreifingu á plötunni. Ekki komin út föst dagsetning á útgáfudeginum en hún kemur út á næstu misserum. Biggibix mun síðan koma fram á rokkhátíð Alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, um páskana og ætlar að halda útgáfutónleika samhliða útgáfu plötunnar.

– kristjan@bb.is

Það haustar 52 sinnum á ári

Áhugaverðar staðreyndir um vaxtarverki og ástríðu sveppa fyrir haustinu

Sveppir þurfa haust til að verða til en í ræktunarklefum á Íslandi eru framkölluð haust 52 sinnum á ári

Íslenskir sveppir eru ræktaðir í 100% lífrænum jarðvegi

Sveppir eru sykurlausir

Sveppir örva kornrækt á Íslandi

Sveppir stækka um 4% á klukkustund og tvöfalda þyngd sína á einum sólarhring

Á Íslandi hefur svepparæktun nánast einskorðast við eina tegund sem gengur undir nafninu ætisveppur sem er hvítur og brúnleitur

Sveppir eru fitulausir

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SÍLÍS SPC 44761 06/09